

Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans á Akureyri um að Akureyrarbær 61
megi byggja kvennaskóla og barnaskóla í fjelagi við Eyjafjarðarsýslu. — Þjer hafið 9. maí
 herra bæjarfógeti, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 12. marz þ. á., leitað samþykkis
 míns á samningi, er bæjarstjórnin á Akureyri hefir gjört við sýslunefndina í
 Eyjafjarðarsýslu, um að byggja í sameiningu kvennaskóla og barnaskóla á
 Torfunefi milli Akureyrar og Oddeyrar, þó með því skilyrði, að Akureyrarbær leggi
 til einn sjötta part af þeim kostnaði við bygging og viðhald kvennaskóladeild-
 arinnar framvegis, sem sýslan annars kynni að þurfa að leggja fram.

Útaf þessu læt jeg eigi hjá líða þjónustusamlega að tjá yður til þóknan-
 legrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg hjer með veiti hið umbeðna sam-
 þykki.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um 62
notkun utanríkisskipa við síldveiði. Þjer hafið, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi 9. maí
 19. f. m., leitað úrlausnar minnar á eptirrituðum fyrirspurnum:

1. Má fastakaupmaður eða lausakaupmaður, sem notar útlent skip, kaupa síld
 upp úr síldarlás og flytja beint um borð í skipið, búa hana þar undir til
 útflutnings, og svo flytja hana til annara landa?
2. Má maður, sem notar útlent skip, kaupa síld eða afla af bát við skipshlið-
 ina, þótt aflinn eða síldin hafi eigi verið flutt í land?
3. Má sá, sem hefir rjett til að veiða í landhelgi, nota leigt útlent skip þannig:
 - a. til að verka aflann á og búa hann út til útflutnings með því að salta
 hann eða leggja hann í is,
 - b. flytja hann á til annara landa og
 - c. til bústaða fyrir veiðimenn sína?

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð, yður til leiðbeiningar og til
 birtingar fyrir vicekonsúl Carl D. Tulinius á Eskifirði, sem hefir óskað úrlausnar
 á þessum fyrirspurnum, að fyrstu og annari fyrirspurninni ber að svara
 neitandi, svo framarlega sem með orðinu »útlent skip« er meint hið sama sem
 sagt væri »utanríkisskip«. Um þriðju fyrirspurnina er það að segja, að jeg er
 yður samdóma um, að það sje óheimilt að nota utanríkisskip til bústaðar fyrir
 veiðimenn við veiði í landhelgi, en að það út af fyrir sig sje ekki ólöglegt að
 nota utanríkisskip til þess að flytja út síld, eða verka hana, þótt í landhelgi sje,
 sbr. brjef mitt 20. júlí 1894 (Stjtið. 1894, B bls. 122).

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um sveit- 63
festi þurfaiings¹. Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 20. f. m., hafið þjer, herra 13. maí

1) Úrskurður amtmanns er svolátandi:

Eptir að hreppsnefndin í Kjósarhreppi hafði áfrýjað til amtsins úrskurði yðar, vel-
 borni herra sýslumaður, dags. 10. nóvbr. f. á., sem ákveðið er með, að Ásgrímur nokkur
 Bjarnason, sem sökum veikinda hefur þegið fátækrastryrk í Reykjavík á árinu 1894, skuli álit-
 ast sveitlægur í Kjósarhreppi, og jeg síðan með þóknanlegu brjefi yðar, dags. 14. f. m., með-